

Ed.

215. Breytingartillaga

[58. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. orðist svo:

Á árunum 1962 og 1963 skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra, enda verði fénu ekki að neinu leyti varið til hótélrekstrar né annarra annarlegra framkvæmda. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gildi sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.